

Dómsorð:

Ákærða, Lydía Einarasdóttir, greiði 5.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 12 daga.

Ákærða er svipt ökuréttindum í 18 mánuði frá 12. febrúar 1982. Áfrýjun frestar ekki áhrifum dómsákvæðis þessa.

Ákærða greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 1. október 1982.

Nr. 51/1980. Þorvaldur Ottósson

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

Voninni h/f

(Jóhann Steinason hrl.).

Skipsleiga. Björgunarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1980. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi, Vonin h/f, verði dæmdur til að greiða sér 19.330.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 11. október 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti svo og að viðurkennt verði, að hann eigi sjóveðrétt í m/b Voninni II., SH 199, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur tilkynnt Vélbátatryggingu Reykjaness um áfrýjun málsins sem réttargæslustefndum fyrir Hæstarétti.

Agreiningslaust er, að forráðamenn Vélbátatryggingar Reykjaness vissu, að Konráð Júlíusson hefði verið leigutaki m/b Hafnarness, er þeir sömdu við hann um greiðslu fyrir þá hjálp, sem m/b Voninni II. var veitt. Hafði áfrýjandi þá ekkert tilkall gert til bjarglauna samkvæmt 11. gr. leigusamningsins.

Fallast ber á, að Vélbátatrygging Reykjaness sem vátryggjandi m/b Vonarinnar II. hafi mátt semja við Konráð sem leigutaka og útgerðarmann m/b Hafnarness og gera upp við hann laun fyrir þá hjálp, sem m/b Voninni II. var veitt. Þarf eigi, eins og atvikum er háttað, að leysa úr því sérstaklega, hvort hjálpin teljist björgun samkvæmt VIII. kafla siglingalaga nr. 66/1963.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðinn verður 6.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorvaldur Ottósson, greiði stefnda, Voninni h/f, 6.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 16. janúar 1980.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 12. des. sl., höfðaði Þorvaldur Ottósson, Vesturhólum 13, Reykjavík, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 12. og 27. okt. 1978, gegn Voninni h/f, Hellissandi, til greiðslu á kr. 1.933.000 ásamt 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Einnig er krafist staðfestingar á sjóveðrétti í m/b Voninni II., SH 199, til tryggingar dómkröfunni. Vélbátatryggingu Reykjaness h/f er stefnt til réttargæslu í máli þessu vegna væntanlegrar greiðsluskýldu.

Við munnlegan málflutning voru dómkröfur stefnanda óbreytt-

ar frá því, sem greinir í stefnu, að öðru leyti en því, að krafist var dómvaxta af stefnukröfu frá 15. júní 1979 til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara er sú dómkrafa gerð, að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og málskostnaður felldur niður.

Á hendur réttargæslustefnda eru ekki gerðar kröfur, og af hálfu hans eru ekki gerðar kröfur.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Málavextir virðast vera þeir, að með samningi, dags. 7. sept. 1977, dskj. 5, leigði stefnandi Konráði Júlíussyni, Silfurgötu 10, Stykkishólmi, vélbát sinn, Hafnarnes, RE 300, sem er 119 rúmlesta stálbátur. Leigutími hófst 10. sept. 1977 og var til 20. nóv. 1977 eða til loka síldveiða. Í 11. gr. leigusamningsins er svohljóðandi ákvæði: „Bjargi skipið einhverju á ferð sinni á leigutím-
anum, skal björgunar- og aðstoðarlaunum þeim, er í hlut skipsins koma, skipt að jöfnu milli leigutaka og leigusala vegna hættu þeirrar, sem skipinu er lagt í (sic).“

Hinn 11. október 1977, kl. 0045, var að sögn stefnanda skip hans, m/b Hafnarnes, RE 300, statt 12.7 sm suðaustur af Ingólfs-
höfða undir stjórn Konráðs Júlíussonar, skipstjóra og leigutaka skipsins. Þá hafi skipstjórinn á Voninni II. kallað á Hafnarnesið og beðið um aðstoð, þar sem skip hans væri statt með fulla skrófu af reknetum um 14 sm suðaustur af Ingólfs-
höfða og hafi hann ekki getað hreyft skipið. Skipstjórinn á Hafnarnesinu hafi ekki talið ráðlegt að reyna að fara niður og skera úr skrófunni í nátt-
myrkri og talsverðum sjó, en kafari hafi verið um borð í Hafnar-
nesinu. Þá hafi skipstjórinn á Voninni II. beðið um að vera dreginn til Hafnar í Hornafirði og hafi það verið gert.

Hafnarnesið hafi lagt af stað með Vonina II. í togi kl. 0315 og hafi veður þá verið austan 6 vindstig og kl. 1415 hafi verið búið að ganga frá bátnum við bryggju, en þá hafi verið komin austan 7—8 vindstig.

Stefnandi telur sig eiga rétt á björgunarlaunum, þar sem hér hafi verið um tvímælalausa björgun að ræða. Samkvæmt leigu-
samningi um skipið hafi átt að skipta björgunar- og aðstoðar-
launum þeim, er í hlut skipsins áttu að koma, að jöfnu milli leigu-
taka og leigusala vegna hættu þeirrar, er skipið er lagt í, en skv. siglingalögum sé hlutur þessi 2/3 af öllum björgunarlaunum.

Stefnandi segist hafa gert tilkall til síns hluta hjá Vélbátatryggingu Reykjaness, sem hafði m/b Vonina II. í tryggingu, en verið tjáð, að Konráði Júlíussyni hafi verið greidd öll björgunarlaun vegna þessa. Stefnandi telur greiðslu þessa óskuldbindandi fyrir sig, þar sem skipstjórinn hafi ekki haft umboð til þess að semja.

Á dskj. 4 er skýrsla um sjótjón, dags. 18. nóv. 1977, undirrituð af Konráði Júlíussyni og árituð af skipstjóranum á Voninni II., SH 199, Sæberg Guðlaugssyni. Í skýrslu þessari segir svo:

„Þriðjudaginn 11/10 er við vorum staddir 12.7 sm SSE af Ingólfshöfða á m/b Hafnarnesi RE 300 kallaði skipstjórinn á m/b Voninni II SH 199 okkur uppi og það um aðstoð þar sem hún var stödd um 14 sm SSE af Ingólfshöfða með fulla skráfu af reknetum og gæti ekkert hreift (sic.) Voru þeir búnir að leggja um 40 reknet þegar þeir fengu í skráfuna. Ég taldi ekki ráðlegt að reina (sic.) að fara niður og skera úr skráfunni í náttmirkri (sic.) og talsverðum sjó. Það þá skipstjórinn á Voninni II um að vera dreginn til Hafnar í Hornafirði. Haldið var af stað með Vonina kl. 0315. Veður E—6 vindstig. Kl. 1245 komnir að Hvanney. Báturinn tekinn í stuttslef og beðið eftir lóðsinum Kl. 1415. Komnir inn að bryggju í Höfn og búið að ganga frá bátnum við bryggju. Veður E—7—8 vindstig.“

Á dskj. 3 er ljósrit úr skipsdagbók, og er það svo til samhljóða dskj. 4.

Með bréfi til réttargæslustefnda, dags. 19. júní 1978, dskj. 6, spurðist lögmaður stefnanda fyrir um grundvöll að samningi um björgunarlaun vegna þessa.

Á dskj. 7 er ljósrit af kvittun Konráðs Júlíussonar fyrir greiðslu frá réttargæslustefnda vegna aðstoðar við Vonina, SH 199, þann 11. október sl., að fjárhæð kr. 659.000. Kvittun þessi er dags. 23. nóv. 1977. Á ljósriti þessu er áletrun, dags. 3. júlí 1978, sem mun vera svar við bréfinu á dskj. 6.

Stefnandi var yfirheyrður vegna máls þessa. Fram kom hjá honum, að hann hafi verið vélstjóri á m/b Hafnarnesi, þegar Hafnarnesið dró m/b Vonina II. til Hafnar í Hornafirði. Vonin II. hafi verið með net í skráfunni og verið á allan hátt bjargarlaus og ekki komist neitt nema að fá aðstoð. Þeir hafi kallað á aðstoð og skipið verið dregið í land. Hafnsögumaður hafi hjálpað þeim inn í höfnina. Stefnandi kvaðst halda, að þeir hefðu verið eitthvað 6—7 tíma á leið til lands. Það væri helst í innsigling-

unni, að Hafnarnesið hafi verið lagt í hættu, það sé alltaf hættu í innsiglingunni.

Stefnandi hafi verið skipverji á launum hjá Konráði Júlíus-syni, en Konráð hafi verið útgerðarmaður skipsins. Stefnandi var spurður um það, hvers vegna hann hlutaðist ekki til um það, að fram færu sjópróf út af þessu atviki, og svaraði hann því til, að það hefði bara dregist. Í mörgum tilfellum þurfi ekki sjópróf, þegar skýrslur liggja fyrir.

Stefnandi kvaðst hafa verið einn eigandi Hafnarnessins, þegar atburður sá varð, sem málið er af risið. Stefnandi höfðar mál þetta sem eigandi Hafnarnessins, en ekki sem einn af áhöfn skipsins, en hann eigi sinn hluta í hluta áhafnar. Stefnandi kvaðst ekki vita, hvort áhöfn Hafnarnessins hafi gert reka að því að fá tildæmd björgunarlaun. Stefnandi hafi ekki fengið neitt greitt af hluta áhafnar í björgunarlaunum.

Stefnandi kvaðst fyrst hafa vitað, að skipstjórinn á Hafnarnesinu hafði fengið greitt fyrir björgunina eða aðstoðina, þegar hann hringdi í váttryggingarfélagið og þá hafi honum verið sagt, að búið væri að greiða skipstjóranum ákveðna upphæð.

Í áhöfn skipsins hafi verið 8—9 menn og hafi verið skráð á skipið í Stykkishólmi. Lengst hafi verið einn Frakki um borð, en í lokin hafi þeir verið 4—5. Þeir hafi verið hásetar, en Íslendingar í stöðum stýrimanna og vélstjóra.

Hinn 16. nóvember 1979 var Konráð Júlíusson skipstjóri yfir-heyrdur vegna máls þessa. Konráð kvaðst hafa verið skipstjóri á m/b Hafnarnesinu 11. okt. 1977, þegar skipið veitti Voninni II. aðstoð. Aðstoðin hafi verið í því fólgin, að Vonin hafi verið tek-in í slef og dregin inn til Hornafjarðar. Konráð taldi ekki, að Hafnarnesið hefði verið lagt í hættu við þetta. Hann kvaðst ekki dómbær á það, hvort Vonin hefði getað komist af eigin ramm-leik til hafnar. Konráð kvaðst ekki muna eftir, að komið hafi til tals að reyna að ná reknetunum úr skrófu skipsins. Veðri hafi verið þannig háttað, að hann hefði ekki leyft, að maður frá sér hefði farið niður til þess að reyna að skera úr skrófunni. Það hafi verið of mikil hreyfing í sjó. Konráð kvaðst ekki muna alveg, hvernig veðrið var, þegar þetta skeði, en kvaðst muna, að hann taldi það of mikinn vind, til þess að það væri forsvaran-legt að fara að leggja mann í hættu. Þeir hafi verið á leiðinni til Hafnar í Hornafirði og það hafi verið miklu hagstæðara að taka bátinn í slef og fara með hann þangað.

Á þessum tíma hafi stefnandi verið skráður 1. vélstjóri á Hafn-

arnesinu, og kvaðst Konráð halda, að hann hafi verið um borð, þegar Hafnarnesið dró Vonina II. Konráð sagði, að stefnandi hefði ekki kafið sig um björgunarlaun, en sér hafi verið sagt frá því, að stefnandi hafi farið fram á björgunarlaun, og sagði, að sér fyndist það fjarstæða fyrir að draga bátinn í land og kvaðst sjálfur ekki hafa talið bátinn í neinni hættu. Konráð hafi fengið greiddar kr. 659.000 fyrir aðstoðina og hafi áhöfnin og þar á meðal stefnandi fengið hluta af því.

Konráð kannaðist við undirritun sína á samningnum á dskj. 5. Vakin var athygli Konráðs á því, að í samningnum komi fram, að björgunar- og aðstoðarlaun eigi að skiptast að jöfnu milli leigutaka og leigusala. Konráð svaraði því til, að sé báturinn í hættu, en þarna hafi hann ekki talið um neina hættu að ræða, en hann hafi þó talið rétt, að mannskapurinn fengi sinn hluta af þessu (sic). Konráð taldi ekki tilefni til að ráðgast við stefnanda um þetta.

Konráð kvaðst hafa verið útgerðarmaður Hafnarnessins, hann hafi verið með skipið á leigu fyrir Frakka, sem hann var að vinna fyrir, en talist útgerðarmaður að skipinu að öðru leyti, þar sem báturinn hafi verið tekinn á leigu í sínu nafni.

Fram kom hjá Konráði, að ástæðan fyrir því, að hann hefði talið rétt að greiða áhöfninni, hafi verið, að áhöfnin hafi unnið við að tengja á milli bátanna og þeir hafi fylgst með bátum á leiðinni.

Vonin II. hafi ekki verið í nokkurri hættu þar sem hún var, en Konráð kvaðst ekki dæma um það, hvort hún hefði komist sjálf til hafnar eða ekki. Hann hafi ekki talið henni nokkra hættu búna í því veðri, sem þá var, en það hafi þó verið of slæmt veður til þess að senda kafara niður.

Vakin var athygli Konráðs á því, að í dagbók skipsins segi, að veður hafi verið austan 7—8 vindstig, þegar skipin komu til hafnar, og hann spurður að því, hvort engin hættu hefði verið því samfara að draga skip inn í hafnarmynnið á Hornafirði í þannig veðri, og kvaðst hann ekki telja það. Hornafjarðarós sé talinn slægur og illa svertur af mörgum, en Konráð kvaðst vera búinn að fara hann mjög oft og telja enga hættu búna Hafnarnesinu við að draga bátinn þarna inn.

Hinn 1. júní 1979 var Sæberg Guðlaugsson, skipstjóri á Voninni II., yfirheyrður vegna máls þessa. Sæberg taldi ekki, að Vonin II. hefði verið í hættu stödd, þegar Hafnarnesið dró skipið til lands 11. okt. 1977, en skipið hefði ekki komist af eigin ramm-

leik til hafnar. Sæberg minnti, að skipið hefði verið 14 mílur SA í Ingólfshöfða. Veður hafi verið ágætt, bara kaldt, en ekki slæmt veður. Drátturinn hafi gengið vel. Sæberg tók fram, að hann hafi ekki beðið um aðra aðstoð en þá, að skorið yrði úr skrúfunni. Skipstjórinn á Hafnarnesinu hafi boðist til þess að draga bátinn í land. Kafarinn hafi ekki viljað fara niður í náttmyrkri og það hafi verið svona aðeins hreyfing. Það sé misjafnt, hvað kafarar treysti sér til að gera úti á sjó. Skipstjóri hafi sagst ekkert geta aðhafst, en það væri sjálfsagt að taka bátinn í tog. Sæberg kvaðst ekki hafa tekið því boði strax, vegna þess að hann hafi ætlað að hafa samband við Egil Þorfinnsson tryggingamann, en símasambandslaust hafi verið vegna verkfalls. Skipstjórinn á Hafnarnesinu hafi sagt sér, að ekki skipti máli, hvort hann tæki bát, sem væri frá sama tryggingarfélagi, þar sem það væri taxti. Ekki hafi staðið til að óska eftir sjóprófi, vegna þess að skipstjórinn á Hafnarnesinu hafi strax haft samband við tryggingarnar. Sæberg kvaðst hafa farið með skipstjóranum á skrifstofu sýslumanns eða lögreglu og þar hafi verið hringt til trygginga Vonarinnar og samið um, að bara yrði gefin skýrsla og samið um, hver greiðslan yrði. Sæberg hafi haft hugmynd um það, að Konráð Júlíusson hafði Hafnarnesið á leigu, vegna þess að skipið hafi verið á sérstökum veiðum, háhyrningsveiðum, og þess vegna hafi Sæberg haft samband við hann, af því að hann hafi bara beðið um aðstoð með kafara. Fram kom hjá Sæberg, að skýrslan á dskj. 4 væri rétt að öðru leyti en því, að skipstjórinn á Hafnarnesinu hefði boðist til að draga skipið til Hafnar, en Sæberg hafi sjálfur óskað eftir aðstoð við að losa netin úr skrúfunni. Ef skorið hefði verið úr skrúfu skipsins, hefði skipið komist til lands af eigin rammleik. Ekki hafi verið nauðsyn að fara í land. Báturinn hefði varið sig alveg í þessu veðri.

III.

Af hálfu stefnanda eru kröfur rökstuddar með því, að skip hans, m/b Hafnarnes, hafi átt þátt í björgun m/b Vonarinnar II. í umrætt sinn, þar sem það hafi komið eitt til hjálpar og dregið m/b Vonina til lands í slæmu veðri. M/b Vonin II. hafi verið í hættu stödd, vélarvana og völt fyrir sjó og vindi. Stefnandi eigi að fá björgunarlaun skv. VIII. kafla siglingalaga nr. 66/1963.

Þegar stefnandi fór fram á björgunarlaun hjá Vélbátatryggingu Reykjaness h/f, váttryggjanda skipsins, hafi komið í ljós.

að félagið hafði greitt skipstjóra þess björgunarlaun og eingöngu samið við hann.

Samkvæmt 203. gr. siglingalaga skuli útgerðarmenn fá 2/3 björgunarlauna, ef gufuskip (i. e. vélskip) bjargar, en afgangi skipt milli skipstjóra og skipshafnar. Yfirleitt sé gert ráð fyrir því, að útgerðarmaður sé eigandi skips, og megi lesa það út úr siglingalögunum. Ef útgerðarmaður sé annar en eigandi skips, verði hann að sýna viðsejendum sínum, að hann hafi öðlast þann rétt með samningi, sem siglingalögin leggja útgerðarmanni til handa. Í leigusamningi milli stefnanda og Konráðs Júlíussonar hafi verið svo kveðið á, að skipta ætti björgunar- og aðstoðarlaunum þeim, er í hlut skipsins áttu að koma, að jöfnu milli leigutaka og leigusala vegna hættu þeirrar, er skipið er lagt í. Samkvæmt þessu eigi stefnandi tilkall til 1/3 hluta af öllum björgunarlaunum og hafi það verið á ábyrgð vátryggjandans, er hann greiddi skipstjóranum á m/b Hafnarnesi, RE 300, björgunarlaun án þess að ganga úr skugga um heimild hans.

Það eigi að vera ljóst, að sá aðili, sem skuli hljóta 1/3 hluta björgunarlauna, hafi fulla samningsaðild um þau, en fram hjá honum virðist hafa verið gengið. Móttaka Konráðs Júlíussonar á björgunarlaunum úr hendi vátryggjanda sé stefnanda óviðkomandi og óskuldbindandi fyrir hann, því auk framangreinds hafi Konráð hvorki haft sérstakt umboð né stöðuumboð til gerningsins f. h. stefnanda.

Vátryggingarverðmæti m/b Vonarinnar II. hafi 11. okt. 1977 verið kr. 29.044.000. Stef nukrafan sé miðuð við, að björgunarlaun í heild verði nálægt 20% af vátryggingarverðmæti, eða kr. 5.800.000, og eigi stefnandi rétt til 1/3 þeirrar fjárhæðar, eða kr. 1.933.000.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að hér hafi verið um björgun í slæmu veðri að ræða og að skip stefnanda hafi verið lagt í hættu, m. a. af þeirri ástæðu, að Konráð Júlíusson, skipstjóri m/b Hafnarness, verði að teljast hafa verið fær um að meta á staðnum, hvort um aðstoð eða björgun var að ræða.

Málshöfðun þessi sé óþörf og ástæðulaus, þar sem umráðamanni m/b Hafnarness, Konráði Júlíussyni skipstjóra, hafi verið greiddar kr. 659.000 fyrir að aðstoða m/b Vonina II. til hafnar í Hornafirði. Staðhæfingu stefnanda um, að greiðsla til Konráðs Júlíussonar sé óskuldbindandi fyrir sig, þar sem skipstjóri m/b Hafnarness hafi ekki haft umboð til þess að semja um þóknun fyrir hans hönd eða taka við greiðslum, er vísað á bug sem rangri

og órökstuddri, því álykta verði skv. siglingalögum, að Konráð hafi verið útgerðarmaður og ábyrgðarmaður m/b Hafnarness, þegar aðstoðin var veitt, og honum hafi þess vegna verið heimilt að semja um þóknun fyrir aðstoðina. Það sé svo annað mál, af hverju hann greiddi ekki stefnanda sinn hluta þóknunarinnar. Stefnandi verði að krefja Konráð um hana, en ekki stefnda, hvers tryggingarfélag hafi greitt aðstoðina.

IV.

Álit dómsins.

Það er ágreiningslaust, að þá er m/b Hafnarnes, RE 300, dró m/b Vonina II., SH 199, til Hafnar í Hornafirði hinn 11. okt. 1977, hafi Vonin II. verið með fulla skráfu af reknetum og ekki getað hreyft hana. Þá er dráttur hófst, hafi Vonin II. verið stödd um 14 sm SSE af Ingólfshöfða og veður verið E 6 vindstig. Þá er komið var með skipið til Hafnar, var veður E 7—8 vindstig.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að skipverjar á Voninni II. hafi ekki getað losað reknetin úr skráfu skipsins og skipið því ekki getað komist til hafnar af eigin rammleik. Telst því hjálp sú, sem m/b Hafnarnes veitti Voninni II. björgun í skilningi 199. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Réttargæslustefndi, sem var váttryggjandi m/b Vonarinnar II., greiddi 23. nóv. 1977 leigutaka og útgerðarmanni m/b Hafnarness, Konráði Júlíussyni skipstjóra, kr. 659.000 fyrir aðstoð við Vonina II. þann 11. okt. 1977. Þegar þau sjónarmið eru virt, sem hafa ber í huga skv. 200. gr. siglingalaga við ákvörðun björgunarlauna, þykir fjárhæð greiðslu þessarar fullnægjandi.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi tilkynnt stefnda eða réttargæslustefnda um efni leigusamningsins á dskj. 5, áður en réttargæslustefndi innti sína greiðslu af hendi, og var stefnandi þó skipverji á m/b Hafnarnesi, þá er björgunin var veitt. Ekki hefur með öðrum hætti verið sýnt fram á, að stefnda eða réttargæslustefnda hafi verið eða hafi mátt vera kunnugt um efni leigusamningsins. Var réttargæslustefnda því rétt að semja um greiðslu og greiða Konráði Júlíussyni fyrir hjálpina, þar sem hann var útgerðarmaður m/b Hafnarnessins, þá er björgunin var veitt.

Niðurstaða málsins verður því sú, að með greiðslu réttargæslustefnda til Konráðs Júlíussonar hafi verið fullnægt greiðsluskyldu stefnda vegna björgunar m/b Hafnarness á m/b Voninni

II., og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna mikilla anna formanns dómsins, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari, meðdómendur voru Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Þorsteinn Gíslason skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Vonin h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Þorvalds Ottóssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 1. október 1982.

Nr. 52/1980. **Þorvaldur Ottósson**

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

Hraðfrystihúsi Stokkseyrar h/f

(Valgarð Briem hrl.).

Skipsleiga. Björgunarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1980. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi, Hraðfrystihús Stokkseyrar h/f, verði dæmdur til að greiða sér 21.600.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 10. október 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti svo og að viðurkennt verði, að hann eigi sjóveðrétt í m/b Árna Magnússyni, AR 9, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.